

# Handbók 2007

## Í Hvolsskóla er einstaklingsmiðað nám skilgreint eftirfarandi:

- Með einstaklingsmiðuðu námi er átt við viðleitni kennarans til þess að bregðast stöðugt við námslegum þörfum hvers nemanda. Markmið einstaklingsmiðaðra kennsluhátta er að hver nemandi nái hámarks þroska og árangri.
- Einstaklingsmiðuð kennsla er sveigjanleg. Einstaklingsmiðuð kennsla á rætur sínar að rekja til árangurs og stöðugs mats á námsþörfum nemandans.
- Einstaklingsmiðun er hægt að nálgast út frá inntaki, framkvæmd og afrakstri og innan þessara þriggja þátta er hægt að einstaklingsmiða með hliðsjón af námsgrunni nemenda, áhugasviði þeirra og námssniði.
- Við leggjum áherslu á fjölbreyttar kennsluaðferðir. Við leggjum áherslu á að kennarinn er kennari og á að kenna nemendum. Við leggjum áherslu á innlagnir í litlum hópum, þ.e.a.s. að kennarar skipuleggi starfið í námshópum þannig að þeir tali við lítinn hóp í einu og skipuleggi nám og virkni annarra nemenda með það í huga.

## Um Hvolsskóla í upphafi skólaárs 2007 – 2008.

Undirbúningur skólastarfs Hvolsskóla hófst strax í júní að loknum skólaslitum þegar starfsfólk vann að markmiðssetningu fyrir næsta skólaár. Þá voru sett niður skref til áframhaldandi sóknar og hugað að framtíðinni á hverju aldurstigi fyrir sig. Ferð starfsfólks til Minneapolis síðastliðið vor styrkti okkur í trúnni um að við erum á réttri leið og ákveðið var að taka upp nokkrar nýjungar í vetur sem stuðla að auknum sveigjanleika og fjölbreytni í starfinu. Þessar nýjungar verða kynntar nú á haustdögum á kynningarfundum og á heimasíðu skólans.

Flestir kennarar skólans fóru dagana 9. og 10. ágúst á námstefnu sem haldin var í Hveragerði á vegum Skólaskrifstofu Suðurlands. Kennarar Hvolsskóla voru mjög ánægðir með námstefnuna bæði hvað varðar innihald og aðbúnað. Kennarar og starfsfólk skólans mættu síðan 15. ágúst í 6 daga vinnulotu til að undirbúa skólastarfið og skólinn var settur 23. ágúst.

## Stundaskráin

Stundaskáin var unnin í júní og júlí sl. og við gerð stundaskrárinnar var höfð til hliðsjónar vinna starfsfólks að loknum skólaslitum ásamt því að reynt var að skipuleggja stundaskrána út frá reyningunni í starfi Hvolsskóla sl. tvö ár. Við settum okkur það mark að bæta stundaskrána m.a. með því að skapa samfellu og kenna sömu grein á stiginu á sama tíma, auka val nemenda á elsta stigi, tengja nám nemenda á öllum stigum áhugasviði þeirra og þeim brautum sem þeir eru skráðir á og að auka verklega þáttinn í skólastarfinu ásamt því að efla lestur og lestrarmenningu hjá nemendum með lestrarstundum á öllum stigum.

## Umsjónarkennarar

Eitt af markmiðum skólans er að styrkja umsjónarkennarann og þjónustuna við nemendur og heimili. Um leið og umsjónarnemendum var fækkað á hvern kennara var ákveðið að í flestum umsjónarhópum væru nemendur úr fleiri en einum árgangi. Á yngsta stigi eru umsjónarkennarar í 1. bekk eingöngu með nemendum úr árganginum en umsjónarkennarar í 2. og 3. bekk eru með umsjónarnemendum úr báðum árgöngunum. Á miðstigi eru allir umsjónarkennarar með umsjónarnemendum úr þremur aldursárgöngum og á elsta stigi er blönduð umsjón nema í útskriftarárgangi skólans.

## Fjöldi nemenda í Hvolsskóla

Nokkur fækkun hefur orðið í skólanum frá síðasta vetri en á skólasetningu mættu 234 nemendur. Á síðasta skólaári voru lengst af 250 nemendur í skólanum. Skipting nemenda á milli stiga er þannig að í 1. til 3. bekk eru 76 nemendur, í 4. – 6. bekk 66 nemendur og í 7. til 10. bekk eru 92 nemendur. Að meðaltali eru 23,4 nemendur í árgangi en flestir nemendur eru á yngsta stigi eða 25,3. Þó nokkur fækkun hafi orðið í Hvolsskóla á milli ára að þessu sinni eru allar líkur á að nemendatalan í Hvolsskóla verði nálægt 250 nemendum næstu árin nema að einhverjar stórar breytingar verði í samfélaginu. Fækkunina í ár má fyrst og fremst rekja til þess að útskriftarárgangur síðasta skólaárs var óvenju fjölmennur eða 39 nemendur.

## Verkefni í átt að einstaklingsmiðun í skólastarfi

Verkefnin sett upp af þróunarráði Hvolsskóla í framhaldi af fundum og vinnu starfsfólks í júní 2007. Verkefnin eru samkvæmt áætlun skólans í átt að einstaklingsmiðuðu skólastarfi og eru í þróun í Hvolsskóla.

- Áhugasviðsverkefni (á öllum stigum – mismikið).
- Skipting í umsjónarhópa – blöndun aldurshópa
- Samvinna í kennslu á stigum – kennsla í blokkum og gerð kennsluáætla.
- Lestrarstundir á öllum stigum skólans
- Útikennsla – er í vinnslu á stigum.
- Námsmat á öllum stigum skólans
- Einelti – beðið eftir niðurstöðum úr eineltiskönnun frá síðasta vetri.

Við stundaskrárgerð í júní og júlí fyrir skólaárið 2007 – 2008 var lögð mikil vinna í að búa stundaskrána þannig úr garði að sem mest og best svigrúm gæfist til að sinna fyrrnefndum verkefnum.

### **Önnur verkefni í átt að einstaklingsmiðun skólastarfs sem eru í gangi:**

- Skínandi leikni (Bright Start) – tenging leik- og grunnskóla. Námsfernið er kennt í leik- og grunnskóla í Rangárlingabyggð.
- Umhverfisverkefnið "Skóli á grænni grein"
- Gagnvirkur lestur – námskeið frá síðasta skólaári – vinna áfram á mið- og elsta stigi.

## Stuðnings- og nýbúabraut

Nýbúa- og stuðningsbraut eru við skólann og eru brautirnar mikill styrkur þeim nemendum sem njóta þjónustu þeirra enda er starfsemi brautanna felld að skipulagi einstaklingsmiðunar í skólanum og fer nánast allt nám fram á almennum námssvæðum í skólanum. Yfirumsjón með brautunum hefur Efemía Gísladóttir en Auður Frg. Halldórsdóttir er umsjónarkennari á Nýbúabraut.

Hlutverk stuðningsbrautar er að halda utan um nemendur sem eru með sérþarfir í skólanum og skipuleggja þá sérkennslu sem fram fer. Á stuðningsbraut eru nemendur með tvöfalda umsjón. Markmið skólans er að einstaklingsmiða nám nemendanna og eru nemendur því eins mikið inni almennri kennslu og hægt er en þar sem þörf er á er leitað annarra leiða. Greiningar og þjónusta frá skólaskrifstofu Suðurlands fer í gegn um hendur deildarstjóra.

Deildarstjóri sérkennslu er Efemía Gísladóttir og hægt að ná í hana í síma skólans 488-4240 og ef hún er ekki við endilega látið liggja skilaboð svo hægt sé að hringja og hafa samband.

Gunnhildur Jóhannsdóttir mun vinna sem ráðgjafi í einhverfu og asperger við Hvolsskóla í vetur. Hún mun koma í skólann einu sinni í viku á miðvikudögum í upphafi skólaárs og síðan eftir verkefnum. Ef foreldrar vilja nýta sér hennar þjónustu geta þeir pantað tíma hjá Efemíu, deildarstjóra sérkennslu.

# Í HVOLSSKÓLA ER EINSTAKLINGURINN Í BRENNIDEPLI

## Yngsta stig

### Það sem m.a. skiptir máli í stundaskránni á yngsta stigi:

- umsjónarkennarar eru með kennslulotur á sama tíma með öllum nemendum á stiginu í 47,5% tímans sem kemur til með að nýtast nemendum og kennurum til samstarfs og sveigjanleika. Til viðbótar koma umsjónarkennarar að kennslulotum á stiginu á móti forskóla, tónmennt og íþróttum).
- íþróttir og smíðjur eru á svipuðum tíma á stiginu 4 daga vikunnar.
- lestrarstund með umsjónarkennurum í 15 mínútur eftir frímínútur kl. 10 alla daga vikunnar.

kennarar	svið	stuðningsfulltrúar
Asta Brynjólfsdóttir	umsjón 1. bekk og sérkennsla	Kristín Erna Leifsdóttir
Birna Sigurðardóttir	umsjón 1. bekk	Olga Elísa Guðmundsd
Bergr.Gyða Óladóttir	umsjón 1. bekk	
Katrín Moller Eiríksdóttir	umsjón 2. – 3. bekk	<b>íþróttakennarar</b>
Helga Bergsdóttir	umsjón 2. – 3. bekk	Árbjörg Anna Gísladóttir
Guri Hilstad Ólason	umsjón 2. – 3. bekk	Helgi Jens Arnarson
Sigrún Jónsdóttir	umsjón 2. – 3. bekk og myndm.	Ólafur Elí Magnússon
Gerður Þórisdóttir	textíl	
Guðrún Auður Björnsd	smíði, mótun og heimilisfræði	
Ingibjörg Erlingsdóttir	tónmennt	
Guðný R. Jónasdóttir	sérkennsla	
Efemía Gísladóttir	forfalla- og sérkennsla	
Halldóra Kr Magnúsdóttir	forfallakennsla – Bright Start	
Arnheiður Dögg Einarsd.	forfallakennsla	

## Miðstig

### Það sem m.a. skiptir máli í stundaskránni á miðstigi:

- kennslulotur þar sem nemendur eru eingöngu með umsjónarkennurum eru 49% kennslutímans.
- smíðjur eru 4 daga á sama tíma og eru umsjónarkennarar með 1/2 af nemendum í sinni umsjá í smíðjutímum.
- lestrarstund með umsjónarkennurum í 30 mínútur fyrir hádegi kl. 11:15 alla daga vikunnar.
- í fyrsta sinn er enska kennd í 4. bekk og því fá allir nemendur á stiginu enskukennslu.

kennarar	svið	stuðningsfulltrúar
Ester Sigurpáldóttir	umsjón í bekk	Steinunn Arnardóttir
Christina M. Bengtson	umsjón í bekk og sérkennsla	Sigríður R Guðmundsdóttir
Guðbjörg Júlídóttir	umsjón í bekk	
Lárus Viðar Stefánsson	umsjón í bekk og íþróttir	
Ragnheiður Jónasdóttir	umsjón í bekk og umhverfisfr.	<b>íþróttakennarar</b>
Þórunn Óskarsdóttir	umsjón í bekk og enska	Árbjörg Anna Gísladóttir
Ann- Sofie Gremaud	enska	Helgi Jens Arnarson
Jaroslav S Dudizak	enska	Lárus Viðar Stefánsson
Sigrún Jónsdóttir	umsjón 2. – 3. bekk og myndm.	
Gerður Þórisdóttir	textíl	
Guðrún Auður Björnsd	smíði og mótun	
Ingibjörg Erlingsdóttir	tónmennt	
Pálína Björk Jónsdóttir	heimilisfræði	

# Í HVOLSSKÓLA ER EINSTAKLINGURINN Í BRENNIDEPLI

## Elsta stig

Það sem m.a. skiptir máli í stundaskránni á elsta stigi:

- greinar kenndar í kennslulotum á stiginu. Dæmi: allir nemendur stigsins að læra íslensku og stærðfræði á sama tíma. Í ensku, dönsku, náttúrufræði og samfélagsfræði kennum við tveim árgöngum saman sömu grein. Fjöldi kennara á námssvæði miðast við fjölda nemenda á svæðinu um 15 nemendur á kennara.
- lestrarstund með umsjónarkennurum í 30 mínútur fyrir hádegi alla daga vikunnar.
- sérstakur tími í stundaskránni er ætlaður í áhugasviðsverkefni og val. Í verklegum greinum er gengið út frá 10 nemendum á kennara.

kennarar	svið	stuðningsfulltrúar
Jónas Bergm. Magnúss.	umsjón í 7. og 9. bekk	Arnheiður Harðardóttir
Ólafur Elí Magnússon	umsjón í 7. og 9. bekk	Edda Hlíf Hlífarsdóttir
Jórunn Helena Jónsdóttir	umsjón 8. og 9. bekkur	
Ingveldur G Sveinsdóttir	umsjón 9. bekkur	
Einar G. Magnússon	umsjón 8. og 9. bekkur	
Jaroslav S Dudizak	umsjón 10. bekkur	<b>íþróttakennarar</b>
Svanborg E. Óskarsdóttir	umsjón 10. bekkur	Helgi Jens Arnarson
Ann- Sofie Gremaud	danska og enska	Lárus Viðar Stefánsson
Ingibjörg Erlingsdóttir	tónmennt	Ólafur Elí Magnússon
Efemía Gísladóttir	sérkennsla	
Halldóra Kr.Magnúsdóttir	íslenska	
Ingvar Helgason	myndmennt	
Guðrún Auður Björnsd	smíði og textíl	
Pálína Björk Jónsdóttir	heimilisfræði	

## Starfsfólk Hvolsskóla:

Kennarar í Hvolsskóla eru 32 með skólastjórnendum og sérkennurum. Skipting í stöðugildi: stjórnendur 2,5 stg., sérkennarar 4,3 stg. og aðrir kennarar 21,7stg. eða alls 28,5 stöðugildi við skólann í upphafi skólaárs. Aðrir starfsmenn við skólann eru 17 í upb. 11,5 stöðugildum á ársgrunni.

Að skólanum í haust komu 5 nýir kennarar og einn stuðningsfulltrúi: Ann-Sofie Nilsen Gremaud, ensku og dönsku kennari, Esther Sigurpálsdóttir, umsjónarkennari á miðstigi, Helgi Jens Arnarson, íþróttakennari, Hallgrímur Sveinn Sævarsson og Helga Bergsdóttir umsjónarkennarar á yngsta stigi og Edda Hlíf Hlífarsdóttir stuðningsfulltrúi á elsta stigi.

## Skólastjórn

Unnar Þór Böðvarsson, skólastjóri	Halldóra Kr.Magnúsdóttir, aðstoðarskólastjóri
Efemía Gísladóttir, deildarstjóri sérkennslu	

## Mötuneyti

Sigurveig Jóna Þorbergsdóttir, matráðskona	Helga Hansdóttir, aðstoðarráðskona
Martína Sigursteinsdóttir, aðstoð í eldhúsi	

## Húsvörður

Sigurður Magnússon, húsvarsla	
-------------------------------	--

## Ritari

Guðlaug Einarsdóttir, aðstoð og skólaritun	
--	--

# Í HVOLSSKÓLA ER EINSTAKLINGURINN Í BRENNIDEPLI

## Stuðningsfulltrúar og skólaliðar

Björg Sigurjónsdóttir, gangav. og kaffistofa	Guðrún Aradóttir, SkólaSkjól og ræsting	
Sigurdís Björk Baldursdóttir, ræsting	Pórunn Ólafsdóttir, gangav. og ræsting	
Idalina Da C Da Silva, ræsting	Joa O Maria Loureiro Moita, ræsting	
Ingibjörg Ýr Ólafsdóttir, SkólaSkjól		

## Viðtalstímar í síma 488-4240

Þeir sem þurfa að ná sambandi í síma við einhvern í Hvolsskóla t.d. skólastjórnendur, kennara og eða annað starfsfólk hringi í síma 488-4240. Undantekningalítið svarar Guðlaug Einarsdóttir ritari skólans í þessu númeri. Guðlaug kemur á sambandi við viðkomandi sé hann tiltækur annars skiljið þið eftir nafn og númer og þá verður hringt til baka við fyrsta tækifæri. Það sama á líka við ef einhver þarf að fá viðtal hjá starfsmanni – þá er bara að hringja í sama síma 488-4240 og Guðlaug leysir málin.

## Veikinda- og forfallatilkynningar

Það er mjög mikilvægt að veikindi og önnur forföll séu tilkynnt strax að morgni til ritara skólans í síma 488-4240. Til að gera veikinda- og forfallatilkynningar auðveldari fyrir foreldra og forráðamenn geta þeir hinir sömu sent tölvupóst með undirritaðri tilkynningu um forföll á netfangið [forfall@hvolsskoli.is](mailto:forfall@hvolsskoli.is)

## Skólaheilsugæsla - hjúkrunarfræðingur

Í skólanum er góð aðstaða fyrir skólaheilsugæslu. Skólahjúkrunarfræðingur (Marjolijn) verður í skólanum á miðvikudögum frá kl. 9 til 11:30 aðra hvora viku frá og með 19. september. Flúorskolun verður á föstudögum einnig aðra hvora viku frá og með 14.9. fyrir nemendur úr 1. 7. og 10. bekk.

## Nemendaverndarráð

Við Hvolsskóla er starfandi nemendaverndarráð samkvæmt heimildarákvæði í grunnskólalögum. Ráðið er stofnað til að samræma störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda varðandi námsráðgjöf, sérfræðipjónustu og heilsugæslu. Í nemendaverndarráði Hvolsskóla sitja: skólastjóri, skólasálfræðingur, deildarstjóri sérkennslu, skólahjúkrunarfræðingur og fulltrúi félagsþjónustu.

## Öryggisnefnd

Öryggistrúnaðarmaður Hvolsskóla er kosinn á starfsmannafundi og öryggisvörður skólans er skipaður af skólastjóra. Saman skipa þessir aðilar öryggisnefnd Hvolsskóla ásamt skólastjóra. Sigurður Magnússon, húsvörður er öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður er Jónas Bergmann Magnússon kosinn á starfsmannafundi.

Öryggisnefnd vinnur eftir öryggisáætlun Hvolsskóla.

## Nemendaráð

Nemendaráð Hvolsskóla er skipað nemendum af elsta stigi úr 7.- 10. bekk, einn úr hverjum bekk. Formaður er kosinn sérstaklega og eru nemendur 10. bekkjar kjörgengir til formanns. Þeir sem bjóða sig fram til formanns þurfa að tilkynna framboð með viku fyrirvara og halda framboðsræðu á kosningafundi til að kynna stefnumál sín. Kosningarétt við formanskjör eiga allir nemendur úr 6. til 10. bekk.

Nemendaráð vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Umsjónarmaður nemendaráðs Hvolsskóla er Jónas Bergmann Magnússon. Nemendaráðið setur sér starfsreglur í samvinnu við umsjónarmann ráðsins. Starfsreglurnar þurfa að taka mið af þeirri skólahefð sem er í Hvolsskóla.

## Skólaakstur og mótuneyti

Mikill skólaakstur er við skólann en samtals njóta 116 nemendur þjónustu 10 skólabílstjóra í skólaakstri sem er svipuð tala og á síðasta skólaári.

### Skápar fyrir þá sem eru í skólaakstri

Akstursnemendur á elsta stigi geta fengið lánaða skápa fyrir skólaárið eða styttri tíma. Hjá ritara er hægt að fá umsóknareyðublöð til að sækja um að fá leigðan skáp og greiðir nemandinn 1000,- krónur fyrir skápinn fyrir veturinn og fær síðan sömu upphæð endurgreidda þegar hann skilar lykli að vori. Nemendur þurfa að ganga vel um skápana og áskilur skólinn sér rétt til að opna skápana til að fylgjast með umgengninni í þeim. Húsvörður hefur umsjón með skápunum.

## Gjaldskrá og reglur fyrir mótuneyti Hvolsskóla frá 1. ágúst 2007

Nánast allir nemendur skólans ásamt starfsfólki njóta þjónustu skólamötuneytisins en yfirmatráður er Sigurveig Jóna Þorbergsdóttir.

- Foreldrar þurfa að skrá börn sín í mótuneytið hjá ritara skólans og ef að nemandi ætlar að hætta í mótuneytinu verður að koma um það skrifleg tilkynning frá foreldri til ritara.
- Áætlað er að hver máltíð í mótuneyti kosti 225,- krónur. Þurfi nemendur eða starfsfólk að fá mat án þess að vera skráð í mótuneytið kostar hver máltíð 282,- krónur. Þessar máltíðir er hægt að panta hjá ritara skólans.
- Mánaðarlega mun Rangárþing eystra senda gíróseðil fyrir matarkostnaði til þeirra sem njóta þjónustu í mótuneyti Hvolsskóla. Verði dráttur á greiðslum vegna einstakra nemenda verða reiknaðir dráttarvextir á skuldina sbr. almennar reglur þar um.
- Tekið verður tillit til ef um veruleg forföll er að ræða vegna veikinda hjá hverjum nemanda fyrir sig.
- Umsjónarmaður í mótuneyti heldur dagbók yfir þá sem borða í mótuneytinu.

### Skólabílstjórar:

Skólabílstjórar:	Nafn	Símar
Hvolhreppur	Ómar Halldórsson	487-8305 / 892-9658
V-Landeyjar	Árni Ólafur Guðjónsson	487-8561 / 893-1761
A-Landeyjar	Helgi Helgason	487-8516 / 892-8919
A-Landeyjar	Sigurður Jónsson	487-8660 / 893-6707
Fljótshlíð	Ásmundur Þór Þórisson	487-8272 / 895-6972
Fljótshlíð	Jens Jóhannsson	487-8407 / 894-1570
V-Eyjafjöll	Helgi Friðþjófsson	487-8920 / 862-7524
A-Eyjafjöll	Ásbjörn R. Óskarsson	487-8885 / 865-0133
A-Eyjafjöll	G. Inga Sveinsdóttir	487-8885 / 846-0781
Bakkabæir	María Jónsdóttir	487-5142 / 694-9980

## Tónlistarskóli og tómstundastarf

Mikið og gott samstarf er við Tónlistarskóla Rangæinga en kennarar Tónlistarskólans kenna nemendum 2. til 4. bekkjar í forskóla að tónlistarnámi. Þessu til viðbótar eiga allir nemendur Hvolsskóla þess kost vegna þess hversu stundaskrá nemenda er sveigjanleg að stunda tónlistarnám á skólatíma grunnskólans. Einnig má geta þess að mikil vinna er í gangi í sveitarfélaginu við að fella íþrótt- og æskulýðsstarf að starfi nemenda í Hvolsskóla til hagsbóta fyrir íbúa sveitarfélagsins.

## Foreldraráð

Foreldraráðið skipa: Anna B Indriðadóttir, Berglind Gunnarsdóttir og Harpa Viðarsdóttir til vara eru Ásta María Sigurðardóttir, Jónína Kristjánsdóttir og Lúðvík Bergmann.

## Foreldrafélag

Í stjórn foreldrafélagsins eru: Guðmunda Þorsteinsdóttir formaður, Poulá Kristín Buch gjaldkeri, Þórunn Óskarsdóttir ritari, Halla Bjarnadóttir meðstjórnandi og Stefán Steinsson meðstjórnandi. Varamenn í stjórn eru Brynja Þóra Hreinsdóttir, Hrafnhildur Sigurðardóttir og Kristín Hrefna Leifsdóttir. Fulltrúaráð foreldrafélagsins hefur ekki verið skipað á þessari stundu.

## Skólaskjól

27. ágúst voru 34 nemendur búnir að skrá sig í Skólaskjól en Skjólíð er heilsdagsvistun fyrir nemendur í 1. til 4. bekk og starfsrækt alla daga vikunnar til kl. 17 hvern dag. Umsjónarmaður Skólaskjóls er Kristín Erna Leifsdóttir.

- Foreldrar/ forráðamenn sem ætla að nýta þjónustu Skólaskjóls þurfa að sækja um fyrir börn sín skriflega á þar til gerð eyðublað sem fást hjá ritara skólans. Ef barn ætlar að hætta í Skólaskjóli skal koma um það skrifleg tilkynning með mánaðar fyrirvara frá foreldri/ forráðamanni. Eyðublað fæst hjá ritara og miðast uppsögnin við 1. eða 15. dag hvers mánaðar. Hægt er að skrá barn í 1-5 daga í Skjólí í viku. Skólaskjólíð er fyrir börn í 1.- 4. bekk í Hvolsskóla.
- Í Skólaskjóli gilda skólareglur Hvolsskóla. Vinnudagar í Skólaskjóli eru þeir sömu og nemendadagar í Hvolsskóla. Opnunartími er frá því skóla lýkur til kl. 17:00 alla daga. Fyrir fulla vistun í Skólaskjóli greiðast kr. 5.500 Fyrir síðdegishressingu í fullri vistun er greitt kr. 1500.
- Rangárþing eystra sendir gíróseðil vegna þjónustugjalda mánaðarlega. Verði dráttur á greiðslum verða reiknaðir dráttarvextir, sbr. Lög um vexti og verðtryggingu nr.38/2001.
- Að jafnaði koma forföll ekki til frádráttar þjónustugjöldum nema um veruleg forföll sé að ræða og skal það metið í hverju tilfelli fyrir sig af skólastjóra.
- Tilkynna þarf forföll í Skólaskjóli til ritara skólans. Umsjónarmaður í Skólaskjóli heldur dagbók yfir þá sem nýta skjólíð. Sími í Skjólí er 488-4250 og hjá ritara er síminn 488-4240
- Ef foreldrar /forráðamenn barna í Skólaskjóli eru jafnframt með barn í leikskóla í Rangárþingi eystra, er veittur 25% afsláttur af mánaðargjaldi. Ef foreldrar/forráðamenn eiga tvö börn í Skólaskjóli er veittur 50% afsláttur af mánaðargjaldi fyrir annað barnið. Ef tvö börn eru í Skólaskjóli auk barns í leikskóla er veittur 25% afsláttur fyrir annað barnið í Skólaskjóli og 50% afsláttur fyrir hitt barnið í Skólaskjóli.
- Alltaf er greitt fullt gjald fyrir síðdegishressingu.

## Inniskór og vel merkt föt

Við biðjum alla nemendur um að hafa með sér inniskó og nota þá í skólanum. Einnig viljum við minna foreldra/aðstandendur á að merkja vel allan hlífðarfatnað og ípróttaföt. Hér í skólanum safnast á hverju ári upp mikið af fötum sem verða eftir og erfitt er að koma þeim til skila til réttra aðila þegar vantar merkingar. Í lok hvers skólaárs eru þau föt sem eftir verða gefin Rauða Krossinum.

## **Einelti**

### **Skilgreining á einelti:**

Einelti er langvarandi ofbeldi, líkamlegt eða andlegt sem stýrt er af einstaklingi eða hópi og beinist að ákveðnum einstaklingi. Einstakur ágreiningur milli jafningja telst ekki til eineltis.

### **Ábyrgð:**

- Einelti kemur öllum við – það er samfélagslegt vandamál þar sem allir eru ábyrgir. Þess vegna er það siðferðileg skylda allra að láta vita um það ef þeir verða varir við að einhver sé lagður í einelti.

### **Fyrirbyggjandi aðgerðir:**

- Fyrstu forvarnir byrja við upphaf skólagöngu t.d. með því að umsjónarkennari setji reglur í bekknum með nemendum gegn stríðni, ofbeldi og einelti. Kennarinn fræðir nemendur um einelti og margbreytileika þess um leið og hann leiðbeinir nemendum með það hvernig þeir geti komið í veg fyrir einelti.
- Umsjónarkennari hafi reglulega umræðu í umsjónarbekk sínum um líðan, samskipti og hegðun.
- Æskilegt er ef umsjónarkennari, í samvinnu við forráðamenn nemenda, setji reglur sem miði að því að engir séu hafðir útundan þegar aboðið er í smakomur eða afmæli innan bekkjar.
- Þjálfar þarf nemendur í að vinna í hóp og sýna hver öðrum tillitssemi, sveigjanleika og umburðarlyndi bæði í námi og leik.
- Skólastjóri skal sjá til þess að fræðsla um einelti sé á dagskrá í skólnaum svo oft sem þurfa þykir fyrir forráðamenn nemenda, eknanna og annað starfsfólk.
- Skólastjóri skal sjá til þess að gæsla sé virk í frímínútum, matarhléum, íþróttamiðstöð í skólaferðalögum og öðru frjálsu starfi á vegum skólans.

### **Hlutverk starfsmanna skólans:**

- Hlutverk starfsmanna skólans er að vera vakandi fyrir líðan og velferð nemenda og koma vitneskju um einelti sem allra fyrst til umsjónarkennara eða skólastjóra.


### **Hlutverk nemenda skólans:**

- Að koma vitneskju um einelti til starfsmanna, umsjónarkennara, kennara eða stjórnenda.

### **Hlutverk foreldra:**

- Að vera vakandi yfir líðan, námsgengi og félagslegri stöðu barna sinna.

# Í HVOLSSKÓLA ER EINSTAKLINGURINN Í BRENNIDEPLI



# Í HVOLSSKÓLA ER EINSTAKLINGURINN Í BRENNIDEPLI

